



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur, 13. október, 2015

Ákvörðun nr. 28/2015

Samruni Lýsis hf. og Akraborgar ehf.

I. Málavextir og málsmeðferð

Þann 10. júní 2015 barst Samkeppniseftirlitinu tilkynning um samruna Lýsis hf. (hér eftir Lýsi) og Akraborgar ehf. (hér eftir Akraborg). Með tilkynningu um samrunann fylgdi svonefnd styttri samrunaskrá með upplýsingum um samrunann, sbr. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka II við þær (styttri tilkynning). Samkvæmt samrunaskrá felur samruninn í sér að Lýsi kaupir meirihluta hlutafjár í Akraborg og öðlast þar með yfirráð yfir félaginu í skilningi samkeppnislaga. Í samrunaskrá er tekið fram að ekki hafi, að svo stöddu, verið tekin ákvörðun um að sameina félögin í féлага- eða skattaréttarlegum skilningi. Akraborg verði því, a.m.k. fyrst um sinn rekið sem dótturfélag Lýsis. Samrunaaðilar telja að um tilkynningarskyldan samruna sé að ræða þar sem tekjur þeirra eru yfir þeim veltumörkum sem tilgreind eru í a. og b. lið 1. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005.

Með tölvupósti dags. 16. júní 2015 óskaði Samkeppniseftirlitið eftir nánari upplýsingum frá samrunaaðilum um, m.a. framleiðsluafurðir fyrirtækjanna, markaði sem þau starfa á og upplýsingum um kaup þeirra á hráefni til vinnslunnar. Svar samrunaaðila barst með bréfi, dags. 26. júní 2015.

Með bréfum, dags. 15. júní 2015, óskaði Samkeppniseftirlitið eftir sjónarmiðum þeirra aðila sem samrunaaðilar tilgreindu sem helstu keppinauta sína við vinnslu á fisklifur. Var veittur frestur til 26. júní til að koma að athugasemdum, ef einhverjar væru. Engar formlegar athugasemdir bárust.

Samkeppniseftirlitið óskaði eftir upplýsingum frá samrunaaðilum um kaup þeirra á hráefni til vinnslunnar og þá aðila sem þeir kaupa fisklifur af með tölvubrési, dags. 15. júlí 2015. Svör samrunaaðila bárust með bréfum, dags. 23. og 24. júlí 2015. Þann 24. júlí óskaði Samkeppniseftirlitið eftir sjónarmiðum stærstu aðila sem selja samrunaaðilum fisklifur. Um er að ræða á þriðja tug aðila. Umsagnir bárust frá nokkrum þessara aðila.

Loks óskaði Samkeppniseftirlitið eftir sjónarmiðum hagsmunasamtaka í sjávarútvegi, ef einhver væru, með bréfum, dags. 12. ágúst 2015. Umsögn barst frá Samtökum fiskframleiðenda og útflytjenda með bréfi, dags. 28. ágúst 2015.

Samkeppniseftirlitið óskaði jafnframt við meðferð málsins eftir tilteknum upplýsingum um hráefniskaupamarkaðinn frá Fiskistofu. Nánari grein er gerð fyrir umsögnum um samrunann og sjónarmiðum samrunaaðila vegna þeirra í kafla IV.



II. Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yferráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist. Samrunaaðilar telja að um sé að ræða samruna í skilningi b. liðar 1. mgr. 17. gr., þ.e. að eitt fyrirtæki taki yfir annað fyrirtæki.

Hluthafar í Lýsi eru sjö talsins auk þess sem félagið á eigin hluti. Aðeins einn hluthafi, félagið Ívar ehf., á meira en 10% hlut í félaginu. Lýsi á tvö dótturfélög, þ.e. fasteignafélagið Þórhjúp ehf. og Ifex ehf. sem ekki er lengur í rekstri en framleiddi áður gælundýrafóður. Hluthafar í Akraborg eru fjórir en tveir þeirra fara með meira en 10% eignarhlut. Danska fyrirtækið Bornholms A/S er stærsti hluthafi Akraborgar með um 76% hlut.

Í samrunaskrá kemur fram að Lýsi sé framleiðslufyrirtæki, upprunalega stofnað árið 1938, sem framleiðir lýsi og fleiri afurðir, fyrst og fremst úr sjávarafli. Samkvæmt samþykktum félagsins, dags. 13. nóvember 2006, sé tilgangur þess „*kaup og sala á lýsi og lifur og öðrum sjávarafli og verksmiðjurekstur til þess að auka verðmæti þessarar vöru. Ennfremur umboðssala og útflutningur á hvers konar sjávarafurðum, svo og innflutningur og sala á hvers konar vörum*“. Hjá Lýsi starfi um 150 manns og starfsemi félagsins fari eingöngu fram á Íslandi.

Starfsemi Lýsis byggist fyrst og fremst á framleiðslu þorskalýsis og útflutningi þess í formi neytendavöru og magnvöru. Meirihluti framleiðsluvara Lýsis sé seldur til erlendra framleiðenda og heildsala og megi rekja ríflega 90% tekna félagsins til þeirrar sölu. Þá stundi félagið rannsóknir og vöruþróun lýsisafurða, s.s. fæðubóta- og heilsuvara, sem seldar séu um heim allan.

Samkvæmt samrunaskrá er Akraborg framleiðslufyrirtæki stofnað árið 1989, sem rekur niðursuðuverksmiðju á Akranesi. Aðal framleiðsluvara fyrirtækisins sé niðursoðin þorsklifur en auk þess framleiði Akraborg aðrar vörutegundir í niðursuðu, s.s. þorsklifrapaté, niðursoðin svil og heitreykta loðnu. Þá hafi Akraborg árið 2013 hafið tilraunavinnslu á hrálýsi úr afskurði sem fellur til við vinnslu á aðal framleiðsluvörum fyrirtækisins en sú framleiðsla sé óverulegur þáttur í starfsemi félagsins. Nánast allar framleiðsluvörur félagsins séu seldar til erlendra heildsala og tekjur félagsins því nær allar frá erlendum aðilum.

Samkvæmt samþykktum Akraborgar, dags. 11. desember 2009, sé tilgangur félagsins „*framleiðsla og vinnsla sjávarafurða, kaup og sala sjávarafurða, út- og innflutningur, umboðsviðskipti og þjónusta við sjávarútveginn, lánastarfsemi, rekstur fasteigna og annar skyldur rekstur*.“ Hjá Akraborg starfi um 35-55 manns, eftir árstíma, og starfsemi félagsins fari eingöngu fram á Íslandi.

Aðalmarkmið eigenda Lýsis með kaupunum á Akraborg sé að auka framleiðslumöguleika félagsins með betri nýtingu á þeirri lifur og lifrarafgöngum sem ekki uppfylli gæði til niðursuðu hjá Akraborg. Það hráefni sem sé í mestum gæðum fari því til niðursuðu, en hið lakara hráefni, afskurður og fita, sem að einhverju leyti hafi hingað til verið fargað hjá



Akraborg, verði nýtt í aðra framleiðslu. Samruninn feli jafnramt í sér aukið þjónustuframboð Lýsis, í gegnum AkraBorg, í formi framleiðslu á niðursoðinni vöru, sem hingað til hafi ekki verið hluti af starfseminni. Samrunaaðilar hafi jafnframt hug á því að ná fram aukinni hagræðingu í rekstrinum.

III. Niðurstaða

1. Um markaði málsins

Við mat á samruna skv. samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að skoða verður viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarhornum, þ.e. vöru- eða þjónustumarkaðnum og landfræðilega markaðnum.

Til vöru- og þjónustumarkaðar telst öll sú vara eða þjónusta sem talið er að geti verið staðgönguvara eða –þjónusta frá sjónarmiði neytenda vegna eiginleika vörunnar eða þjónustunnar, verðs hennar eða fyrirhugaðrar notkunar. Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru og þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.

Í samrunaskrá taka samrunaaðilar fram að samkeppnisyfirvöld á Íslandi hafi ekki í fyrri málum skilgreint þá markaði sem þeir starfi á. Að mati samrunaaðila starfi Lýsi, fyrst og fremst, á markaði fyrir vinnslu og sölu á fiskiolíu til manneldis, til heildsala og framleiðenda. Mikil samkeppni sé á þessum markaði og stórir erlendir samkeppnisaðilar í flestum löndum. Þá starfi Lýsi einnig á vörumarkaði fyrir sölu á almennri fæðubóta- og heilsuvöru til heildsala, þar sem staðgang sé á milli vara Lýsis og annarrar fæðubóta- og heilsuvöru sem innihaldi sambærileg efni, s.s. omega 3, A- og D vítamín o.s.frv.

Vörumarkaðurinn sem AkraBorg starfi á sé markaður fyrir sölu á unninni þorskalifur í neytendaumbúðum til erlendra heildsala. Mikil samkeppni ríki á milli framleiðenda á markaðnum. AkraBorg hafi einnig stundað tilraunavinnslu á svokölluðu hrálýsi úr afskurði af þeirri lifur sem fyrirtækið sjóði niður. Hrálýsið hafi verið selt til erlendra aðila til frekari vinnslu. Rétt sé að geta þess að Lýsi vinni einnig með hrálýsi í framleiðslu sinni, en selji það ekki sem slíkt ólíkt AkraBorg.

Að mati samrunaaðila sé landfræðilegi markaður málsins Evrópa eða jafnvel heimurinn allur, enda felist í starfsemi beggja samrunaaðila að mestu leyti útflutningur og sala til erlendra heildsala. Nánast allar framleiðsluvörur samrunaaðila séu fluttar úr landi. Þar af leiðandi sé velta samrunaaðila að meginstefnu til tengd erlendum mörkuðum.

Samrunaaðilar telja að samruninn geti varðað eftirfarandi markaði:

- Markað fyrir vinnslu og sölu fiskiolíu til manneldis, til heildsala og framleiðenda
- Markað fyrir sölu á almennri fæðubóta- og heilsuvöru til heildsala
- Markað fyrir sölu á unninni þorskalifur í neytendaumbúðum til erlendra heildsala
- Hráefnismarkað fyrir nýtanlegar aukaafurðir fisks



Að mati Samkeppniseftirlitsins starfa samrunaaðilar ekki á sömu vörumörkuðum enda framleiðsluvörur þeirra ólíkar og staðganga er ekki á milli þeirra. Þannig er ekki staðganga fyrir neytendur á milli niðursoðinnar fisklifur til matar og lýsis eða annarra fæðubótarefna. Auk þess þarf að hafa í huga að mikill meirihluti framleiðsluvara samrunaaðila er seldur á erlenda markaði. Það hrálýsi sem Akraborg framleiðir er einn þáttur í framleiðslu lýsis til manneldis. Akraborg selur hrálýsi sem heildsali til erlendra framleiðenda en hefur ekki selt hrálýsi til Lýsis.¹ Rétt er að geta þess að Lýsi selur framleiðsluvörur sínar á Íslandi og hefur nokkuð sterka stöðu í sölu á fæðubótaefni á Íslandi. Rök kunna að standa til þess að skilgreina sérstakan innanlandsmarkað og undirmarkaði fyrir sölu á fæðubótarefnum til heildsala og neytenda. Í ljósi niðurstöðu málsins telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að skilgreina þá vörumarkaði sem samrunaaðilar starfa á með nákvæmari hætti.

Samrunaaðilar vinna báðir vörur úr fisklifur. Einkum er um að ræða vinnslu á lifur úr bolfiski, s.s. þorski, ýsu, ufsa, keilu, skötusel og löngu. Af þeim sökum er einkum um að ræða skörun vegna samrunans á hráefnismarkaði. Í framleiðslu sína notar Akraborg einkum hreina þorsklifur í fyrsta flokki sem er niðursoðin í neytendaumbúðir. Lýsi kaupir blandaða lifur í sína framleiðslu einkum í öðrum og þriðja flokki. Að mati Samkeppniseftirlitsins er hráefnismarkaður fyrir fisklifur einn af mörkuðum þessa máls enda ekki staðganga á milli lifrar annarra aukaafurða af fiski í framleiðslu. Ákveðin rök hníga jafnframt til þess að tilteknir undirmarkaðir séu til staðar. Þær niðursuðuverksmiðjur sem starfa hér á landi, þ. á m. Akraborg, nýta einkum hreina þorsklifur í fyrsta flokki til framleiðslu sinnar. Af þeim sökum geta staðið rök til þess að þorsklifur teljist sérstakur markaður.

Þær niðursuðuverksmiðjur sem starfa hér á landi við niðursuðu á fisklifur nýta aðeins um 60% af hráefninu í framleiðslu sína. Um 40% af hráefninu er afskurður sem nýtist ekki í framleiðsluna. Þessi afskurður er ýmist seldur beint til bræðslu, í flestum tilvikum til Lýsis, eða bræddur í hrálýsi sem síðan er selt til innlendra eða erlendra framleiðenda.

Fisklifur sem notuð er í matvælaframleiðslu er mjög viðkvæm vara og þarf að vera meðhöndluð innan örfárra daga frá því að hún kemur á land. T.a.m. geta togarar ekki hirt ferska lifur nema síðustu einn til tvo daga hvers túrs. Þá dregur frýsting lifrar töluvert úr gæðum hráefnisins. Af þeim sökum verður að telja hráefnismarkaðinn fyrir fisklifur afmarkist landfræðilega við Ísland eða jafnvel einstaka landshluta.

Í ljósi niðurstöðu málsins er þó ekki ástæða til að skilgreina hráefnismarkaðinn fyrir fisklifur með nákvæmari hætti.

2. Mat á áhrifum samrunans

Í þessum kafla verða teknar til skoðunar athugasemdir sem bárust vegna samruna Lýsis og Akraborgar og sjónarmið samrunaaðila um þær. Þá er lagt efnislegt mat á samruna þennan.

¹ Áður en Akraborg kom sér upp búnaði til framleiðslu á hrálýsi seldi fyrirtækið afskorninga til Lýsis líkt og aðrir framleiðendur á þorsklifur til manneldis hér á landi hafa gert.



2.1 Umsagnir um samrunann

Líkt og fram hefur komið óskaði Samkeppniseftirlitið eftir umsögnum frá keppinautum Akraborgar í niðursuðu á fisklifur. Engar formlegar athugasemdir vegna samrunans bárust frá keppinautum Akraborgar hér á landi. Samkeppniseftirlitið aflaði jafnframt umsagna frá stærstu aðilum sem selja samrunaaðilum fisklifur til vinnslunnar. Umsagnir bárust frá nokkrum aðilum. Samkeppniseftirlitið óskaði loks eftir umsögnum frá hagsmunfélögum í sjávarútvegi. Umsögn barst frá Samtökum fiskframleiðenda og útflytjenda.

Hluti umsagnaraðila telur ekki ástæðu til að hafa áhyggjur af samrunanum, m.a. vegna þess að ætla megi að nýir aðilar muni hefja starfsemi við niðursuðu á fisklifur á komandi misserum. Aðrir umsagnaraðilar telja ekki ástæðu til að gera efnislegar athugasemdir við samruna Lýsis og Akraborgar en lýsa yfir áhyggjum af þróun hráefnismarkaðarins.

Í öðrum umsögnum komu fram ákveðnar athugasemdir við samrunann. Sumir umsagnaraðilar lýsa yfir að þeir hafi átt í ágætu viðskiptasambandi við samrunaaðila undanfarin ár. Verð fyrir lifur hafi hækkað með aukinni nýsköpun í framleiðslu afurða og eftirspurn frá framleiðendum eftir hráefni. Þessi auknu viðskipti hafi verið bæði seljendum hráefnis og vinnsluaðilum hagstæð og skapað auknar tekjur úr hráefni sem áður var vannýtt.

Ef fyrirtækjum sem kaupa lifur fækki skapist hætta á því að draga muni úr hvötum fyrir útgerðir að hirða lifrina, þar sem reynslan sýni að við slíkar aðstæður dragi úr þjónustu og verð geti lækkað. Aukin viðskipti með lifur, þ.e. fjölgun kaupenda, hafi hækkað verð á lifur á örfáum árum úr u.þ.b. 15 í 140 kr./kg. Af þessum sökum beri að hræðast fyrirhugaða sameiningu eða yfirtöku Lýsis á Akraborg vegna þess að þeirra staða á markaði verði ráðandi. Lifrarmarkaðurinn sé fyrir mjög viðkvæmur. Samhliða beri að hræðast að vaxandi framboð með auknum þorskvóta bjóði heim hættu á verðlækkun á lifur.

Aðrir umsagnaraðilar óttast að þessi samruni á þorsklifarmarkaði hljóti að hafa veruleg áhrif á samkeppnisstöðu annarra á markaðnum, bæði með hráefni og sölu. Þannig þrengi verulega að smærri og meðalstórum fyrirtækjum. Hagræði hjá Lýsi muni felast í að geta keypt inn og flokkað vörur til niðursuðu og lýsisframleiðslu. Þetta sé veruleg hagræðing og aðrir framleiðendur verði háðir Lýsi af þeim sökum.

Loks kemur fram í umsögnum að Lýsi kaupi lifur og afskorninga af niðursuðuverksmiðjum hér á landi á lægra verði en lifur frá öðrum aðilum. Það séu ekki margir aðilar hér á landi né annarsstaðar aðrir en Lýsi þar sem hægt sé að selja lifur sem ekki sé hæf til niðursuðu. Í kjölfar samrunans muni verða til eitt fyrirtæki hér á landi sem muni hafa yfirburðastöðu á markaðinum, sem líklegt sé að verði notuð til þess að gera samkeppnisaðilum um hráefni erfitt fyrir.

2.2 Sjónarmið samrunaaðila

Í sjónarmiðum samrunaaðila vegna umsagna um samrunann er því haldið fram að þær fullyrðingar sem slegið sé fram í umsögnum vegna samrunans séu órökstuddar með öllu.



Þá séu umsagnirnar að vissu leyti mótsagnakenndar þar sem annars vegar sé talað um að hrávöruverð hækki í kjölfar samrunans og hins vegar að það lækki.

Líkt og komi fram í samrunaskrá starfi samrunaaðilar nær alfarið á sitt hvorum markaði. Skörun á vörumarkaði sé takmörkuð, ef einhver. Báðir samrunaaðilar starfi á alþjóðlegum mörkuðum og keppinautum á bæði markaðnum fyrir framleiðslu á Lýsi og niðursuðu á þorsklifur fari fjölgandi.

Hvað varðar markað fyrir hráefni benda samrunaaðilar á að styrkur helstu hráefnissala sé mikill enda um stór og öflug fyrirtæki að ræða. Í raun sýni verðhækkningar síðustu ára hversu mikil áhrif seljendur hráefnis hafi á markaðinn. Þannig hafi verð á lifur hækkað um 12% á ári að meðaltali síðastliðin 20 ár á sama tíma og almennt verðlag hafi eingöngu hækkað um 4,5% á ári. Ekki sé því ástæða til að óttast að samruninn leiði til brottkasts á lifur, en ástæða brottkasts á henni á fyrri tíð hafi ekki verið af völdum kaupenda á þeim tíma. Fullyrðing um að verð á lifur hafi á örfáum árum hækkað úr 15 kr./kg í 140 kr./ kg séu rangar. Þetta ferli hafi tekið um 20 ár eða frá 1994-2015. Ennfremur megi rekja fylgni verðlags á lifur við gengisbreytingar eftir 2008.

Í 17. gr. c samkeppnislaga sé sérstaklega tekið fram að við mat á lögmæti samruna beri að taka tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hafi áhrif á samkeppnisstöðu samrunaaðila. Í samrunaskrá kemur fram að samrunaaðilar selji mikinn meirihluta framleiðslu sinnar erlendis. Áhrif samrunans á neytendamarkaði innanlands séu verulega takmörkuð, ef einhver.

Samrunaaðilar telja að markaðurinn sem þeir starfi á sé mjög opinn og litlar aðgangshindranir til staðar. Aðilar á niðursuðumarkaði geti t.a.m. án mikils tilkostnaðar keypt bræðslubúnað og hafið vinnslu og fundið farveg fyrir hráefni sem þessir aðilar hafi ekki nýtt sjálfir áður (afskurður). Þá sé jafnframt auðvelt fyrir markaðsaðila að frysta hráefni til útflutnings. Auk þess séu vísbendingar um að nýir keppinautar séu eða muni hasla sér völl á niðursuðumarkaðnum á næstu misserum.

Samrunaaðilar hafna því að sameinað fyrirtæki geti talist markaðsráðandi vegna kaupa á hráefni, m.a. með tilliti til fjölda, stærðar og fjárhagslegs styrks keppinauta og sterkrar stöðu birgja auk annarra aðstæðna á markaði. Þar eigi ekki síst við sú staðreynd að samrunaaðilar sýsli með mismunandi flokka af lifur. Að mati samrunaaðila megi gróflega skipta gæðum lifrar í þrjá flokka:

- A. Hrein þorsklifur fyrir niðursuðu eða frystingu;
- B. Blönduð lifur, s.s. úr þorski, ýsu og ufsa, sem fengin er óflokkuð frá birgjum;
- C. Afskurðarlifur frá niðursuðum til lýsisbræðslu eða frystingar

Niðursuðuverksmiðjur kaupi einkum lifur í A-flokki sem sé um 20% dýrari en lifur í B-flokki enda töluverð vinna og hætta á mistökum við flokkun á lifur í B-flokki. Kaup niðursuðuverksmiðja á lifur í B-flokki megi einkum rekja til krafna frá hráefnissölum til að liðka fyrir viðskiptum. Lýsi þurfi aftur á móti í sinni framleiðslu ekki á flokkaðri lifur að halda. Af þeim sökum kaupi Lýsi einkum lifur í flokkum B og C. Af þessum sökum sé vart hægt að halda því fram að staðganga sé á milli lifrar í A og B flokki.



Lýsi kaupi lifur í C-flokki af niðursuðuverksmiðjum og muni í kjölfar samrunans áfram kaupa slíka lifur af öllum niðursuðuverksmiðjum enda starfsemi Lýsis og annarra bræðslna með þeim hætti að eftirspurn eftir afskurði er meiri en framboðið.

Í umsögnum sé því haldið fram að töluvert hagræði felist í því fyrir samrunaaðila að geta flokkað blandaða lifur og nýtt betra hráefnið í vinnslu Akraborgar. Í þessu samhengi benda samrunaaðilar á að engar rekstrarlegar forsendur séu til þess að flokka lifrina handvirkt eftir að hún kemur í land. Lýsi væri í lófa lagið að gera það nú þegar ef svo væri. Hvað sem þessu líði áréttu samrunaaðilar að fyrirtækin verði áfram rekin í sitthvoru lagi í kjölfar samrunans.

Loks telja samrunaaðilar rangt að verðsveiflur á markaði komi til með að raska til muna rekstrarafkomu og öryggi smárra- og meðalstórra fyrirtæka. Taka megi dæmi af magni lifrar hjá meðalstóru útgerðar- og/eða fiskvinnslufyrirtæki sem væri að jafnaði 30-100 tonn á ári. Breyting að upphæð 20 kr. á verði jafngildi aðeins um 0,6-2 m. kr. á ári sem líklega sé aðeins brot af áhrifum margbreytilegs fiskverðs.

2.3 Mat Samkeppniseftirlitsins

Lýsi starfar í dag við framleiðslu á lýsi til manneldis og framleiðir jafnframt aðrar fæðubótavörur. Akraborg framleiðir vörur úr þorsklifur í niðursuðuverksmiðju sinni. Um er að ræða ólíkar vörur sem ekki er staðganga á milli fyrir neytendur. Samrunaaðilar starfa því ekki á sama vöru- eða þjónustumarkaði að þessu leyti, sbr. umfjöllun hér að framan. Auk þess hefur áhrif við mat á áhrifum samrunans að samrunaaðilar selja mikinn meirihluta framleiðslu sinnar úr landi.

Akraborg hefur framleitt svokallað hrálýsi úr afskurði af fisklifur sem fyrirtækið framleiðir. Þetta hrálýsi hefur Akraborg selt til erlendra framleiðenda sem m.a. fullvinna lýsi til manneldis. Lýsi hefur ekki selt hrálýsi til þriðju aðila en Lýsi notar hrálýsi í framleiðslu sinni. Að mati Samkeppniseftirlitsins hefur þessi skörun í framleiðslu fyrirtækjanna takmarkaða þýðingu fyrir mat á samkeppni í þessu máli.

Sá markaður sem samruninn nær til og hann getur hugsanlega haft áhrif á er markaður fyrir öflun hráefnis. Nánar tiltekið hráefnismarkaður fyrir fisklifur og mögulegir undirmarkaðir hans, sbr. umfjöllun hér að framan. Báðir samrunaaðilar nýta fisklifur í framleiðslu sína. Í framleiðslu sína nýtir Akraborg þó einkum hreina þorsklifur líkt og aðrar niðursuðuverksmiðjur.

Framleiðendur sem nota fisklifur í framleiðslu sína keyptu um 14-15 tonn af fisklifur árið 2014. Samrunaaðilar keyptu töluverðan hluta þessarar fisklifrar. Aðrir stórir kaupendur á markaðnum eru Ægir sjávarfang ehf. og Ican ehf. en bæði félögin starfa við niðursuðu á þorsklifur. Aðrir helstu kaupendur á fisklifur eru Ajtel Iceland ehf., Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf. og G. Ingason hf.

Ljóst er að hlutdeild samrunaaðila í þessum kaupum á fisklifur er töluverð. Hvað sem því líður er að mati Samkeppniseftirlitsins ljóst að samruninn muni ekki leiða til markaðsráðandi stöðu eða þess að samkeppni sé raskað með umtalsverðum hætti. Staðan á hráefnismarkaðnum ræðst af aflaheimildum útgerða, veiði og því verði sem fæst fyrir hráefnið hverju sinni. Telja verður ólíklegt við þessar aðstæður að



kaupendastyrkur samrunaaðila muni torvela samkeppni um kaup á hráefni og sölu afurða á mörkuðum málsins. Þá ber að líta til þess að samrunaaðilar kaupa að meginstefnu til lifur í ólíkum flokki. Akurborg þarf að kaupa hreina þorsklifur í hæsta gæðaflokki fyrir framleiðslu sína á meðan Lýsi getur notað ódýrari blandaða lifur og afskurð í öðrum og þriðja flokki í framleiðslu sína. Þá telja samrunaaðilar ekki forsendur til þess að flokka hreina þorsklifur frá blandaðri lifur.

Ekki er hægt að sjá að verulegar aðgangshindranir séu til staðar fyrir nýja aðila til að hefja starfsemi við niðursuðu á fisklifur á Íslandi. Ýmis sterk erlend sjávarútvegsfyrirtæki eru kaupendur að vörunni og taka jafnvel þátt í fjárfestingum hér á landi.² Aðgangur að hráefni kemur til með að aukast með auknum veiðiheimildum í þorski og hugsanlega af þeirri hagræðingu sem felst í samruna þessum. Samkvæmt upplýsingum sem Samkeppniseftirlitið hefur aflað við rannsókn samrunans hyggja a.m.k. tveir nýir aðilar á opnun niðursuðuverksmiðju fyrir þorsklifur hér á landi. Þá eru einhverjir aðilar með til skoðunar að koma upp aðstöðu til bræðslu á fisklifur.

Líkt og fram kemur í umsögnum eru einkum til staðar tveir farvegir fyrir afskurð af fisklifur frá niðursuðuverksmiðjum. Annars vegar sala á ómeðhöndluðum afskurði til Lýsis og hins vegar bræðsla á afskurði í hrálýsi. Umsagnaraðilar hafa lýst yfir áhyggjum af þróun markaðar með afskurð af þorsklifur í kjölfar samrunans. Lýsi hefur lýst því yfir að fyrirtækið muni áfram þurfa að kaupa afskurð af þorsklifur til framleiðslunnar af öllum framleiðendum á Íslandi. Ef niðursuðuverksmiðjur eru ósáttar við verð sem býðst fyrir afskurð geta viðkomandi fyrirtæki komið sér upp aðstöðu til framleiðslu á hrálýsi. Hrálýsi sem framleitt er úr afskurði geta aðilar nýtt í framleiðslu á lýsi til dýra- eða manneldis. Þá er unnt að selja hrálýsi til innlendra eða erlendra lýsisframleiðenda líkt og Akurborg hefur gert.

3. Niðurstaða

Samrunaaðilar starfa ekki á sömu vöru- eða þjónustumörkuðum enda ekki um að ræða staðgöngu á milli framleiðsluvöru þeirra. Sú skörun sem samruninn felur í sér á sér einkum stað á hráefnismarkaði. Báðir samrunaaðilar kaupa og nýta fisklifur í framleiðslu sinni. Akurborg nýtir einkum þorsklifur í hæsta gæðaflokki í framleiðslu sína á meðan Lýsi nýtir einkum fisklifur í öðrum og þriðja flokki. Af þeim sökum er eftirspurn samrunaaðila eftir hráefni að vissu leyti ólík. Ekki eru til staðar verulegar aðgangshindranir að hráefnismarkaðnum og verð á fisklifur ræðst af framboði og eftirspurn eftir hráefninu. Nýir aðilar hafa sýnt því áhuga að hefja starfsemi á markaðnum. Þá er möguleiki fyrir niðursuðuverksmiðjur að koma sér upp aðstöðu til bræðslu á afskurði af þorsklifur. Hrálýsi úr þeirri framleiðslu er síðan unnt að nýta í frekari framleiðslu eða selja, t.d. til erlendra framleiðenda m.a. í Vestur Evrópu.

Að öllu framangreindu virtu er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Af þeim sökum er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til þess að aðhafast vegna þessa samruna.

² Ástæða uppgangs niðursuðu á ferskri þorsklifur á Íslandi má einkum rekja til þess að hætt var að nota þorsklifur úr Eystrasalti fyrir um áratug vegna díoxín mengunar.



**IV.
Ákvörðunarorð:**

„Kaup Lýsis hf. á meirihluta hlutafjár Akraborgar ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna þessa máls á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson